

**Gróðurfar og fuglalíf á veglínunum við Brúará,
Laxá og Djúpa í Fljótshverfi**

Kristbjörn Egilsson og Ólafur Einarsson

Unnið fyrir Vegagerðina

NÍ-98027

Reykjavík, desember 1998



Náttúrufræðistofnun Íslands



EFNISYFIRLIT

bls.

EFNISYFIRLIT	2
1 INNGANGUR	3
2 STADHÆTTIR	3
3 GRÓÐURFAR	4
3.1 Veglína A (fjólublá)	4
3.2 Veglína B (rauð)	5
3.3 Veglína C (græn)	5
3.4 Veglína D (blá)	5
3.5 Háplöntuflóra	6
4 FUGLAR	6
5 NIÐURSTÖÐUR	7
6 RITASKRÁ	9
VIÐAUKAR	
1. viðauki. Flóra við Brúará, Laxá og Djúpá í Fljótshverfi	10
TÖFLUR	
1. tafla. Fuglar á athugunarsvæðinu í Fljótshverfi í október 1998	7
MYNDIR	
1. mynd. Hugsanlegar veglínur við Brúará, Laxá og Djúpá í Fljótshverfi	12

1 INNGANGUR

Hinn 29. júní 1998 fór Vegagerðin þess á leit við Náttúrufræðistofnun Íslands að hún gerði áætlun um rannsóknir á gróðurfari og dýralífi (fuglum) á svæði við Brúará, Laxá og Djúpá í Fljótshverfi Vestur-Skaftafellssýslu vegna lagningar nýs vegarkafla á Hringvegi (þjóðvegi nr.1). Fjórar veglínur koma til greina á þessu svæði.

Í bréfi dagsettu 6. júlí 1998 sendi Náttúrufræðistofnun Íslands Vegagerðinni eftirfarandi upplýsingar um fyrirleggjandi gögn og áætlun um rannsóknir:

„*Gróðurfar*: Gróðurkort eru ekki til af svæðunum. Engar ritaðar heimildir eru til um flóru og ekki hefur verið farið um ofangreind svæði til að kanna tegundafjölbreytni plantna svo kunnugt sé. Einungis eru tiltæk gögn um útbreiðslu háplantna í 10x10 km reitum í gagnabanka Náttúrufræðistofnunar.

Til þess að gera fullnægjandi grein fyrir gróðurfari svæðisins þarf að mati Náttúrufræðistofnunar að:

- Fara um svæðið og kortleggja gróður í mælikvarða 1:5000–1:10000.
- Fara um svæðið og skrá tegundasamsetningu gróðurlenda sem þar finnast og leita uppi staði þar sem gróðurfari er sérstætt á einhvern hátt. Þessum stöðum verður lýst, metin tengsl svæðanna við næsta nágrenni og gerð grein fyrir gildi þeirra á héraðs- og landsvísu.
- Skrá allar háplöntur sem finnast og safna sýnum af mosum ef þurfa þykir, en þá þarf að greina til tegunda undir smásjá.

Fuglar: Náttúrufræðistofnun á engin gögn til í gagnabanka um fuglalíf á ofangreindum svæðum. Of seint er að láta kanna fuglalíf þegar komið er fram í júlí til að ná fullnægjandi árangri. Stofnunin mælir því með að slík könnun fari fram vorið 1999 (eftir 25. maí) og er tilbúin að gera tillögur og kostnaðaráætlun um þær rannsóknir síðla næsta vetur.”

Vegagerðin óskaði eftir minni upplýsingaöflun en Náttúrufræðistofnun lagði til. Vegagerðin lagði áherslu á að fá yfirlit yfir tegundafjölbreytni háplantna, að gróðurlendi yrðu skoðuð og reynt að meta gildi þeirra án þess að gróðurkort yrði gert. Einnig var farið fram á að afla upplýsinga um fuglalíf að hausti og fá upplýsingar um varpfugla svo sem kostur væri frá heimildamönnum á svæðinu. Samningur um verkið var undirritaður 14. september 1998. Gert var ráð fyrir að gróðurrannsóknir og athugun á fuglalífi færu fram haustið 1998.

Samstarfsmenn og tengiliðir fyrir hönd Vegagerðarinnar voru Helgi Jóhannesson og Jón Helgason.

2 STADHÆTTIR

Svæðið, sem hér er fjallað um, er láglandið frá Brunná í vestri og austur í Rauðabergshraun. Um svæðið renna Brúará, Laxá og Djúpá. Landslag á þessum slóðum einkennist af víðáttumiklum sandorpnnum hraunum og áreyrum. Einnig má

finna svæði þar sem vatn sprettur undan hrauni. Þar er vel gróið, fallegar lindir og lækir.

Fjórar veglínur koma til álita við veglagninguna samkvæmt þeim upplýsingum sem lágu fyrir í september 1998. Lína A fylgir að mestu núverandi vegi. Byggðar verða þrjár brýr yfir Brúará, Laxá og Djúpa. Línur B og C eru 800 m sunnan núverandi vegar. Byggðar verða tvær brýr; Brúará og Laxá verða brúaðar saman en Djúpa brúuð sér. Lína D er 2 km sunnan við núverandi veg. Brúará og Laxá hafa þar sameinast Djúpa og þarf því einungis eina brú yfir þessi vatnsföll.

Vegagerðin hefur látið teikna áætlaðar veglínur inn á loftmyndir (1. mynd), sem notaðar voru á vettvangi. Þar er veglína A fjólublá, veglína B rauð, veglína C græn og veglína D blá. Auk þess er búið að merkja allar línurnar með mælistikum á vettvangi frá 0 til 6700. Verða þessar merkingar notaðar í skýrslunni til staðsetningar

3 GRÓÐURFAR

3.1 Veglína A (fjólublá)

Mælistikur **0–3500** fylgja núverandi vegi. Milli mælistika **3500** og **3900**, þ.e. að Laxá, er landið að mestu graslendi. Gróðurþekjan er oft 80–100% en sumstaðar gisnari. Þarna eru túnvingull, hálíngresi, gulmaðra, þursaskegg og hrossanál áberandi tegundir. Hér og þar má finna krækilyng, bláberjalyng, grávíði og grasvíði. Sumstaðar eru smávaxnar birkiplöntur.

Milli mælistika **4000** og **4400** er meira og minna ræktað land eða land nýtt til beitar. Síðan tekur við kafli þar sem finna má litla votlendisbletti, um það bil að mælistiku **4600**. Frá **4600–4800** er vegarstæðið að hluta til ræktað eða undir miklum áhrifum búsetu t.d. er þar heyrageymsla. Milli **4800** og **4900** er illa gróinn árfarvegur og síðan tekur núverandi vegur við allt að mælistiku **5300**. Þar austur af er áreyri, allt að Djúpa. Áreyrin er mjög röskuð af mannavöldum. Þar sem hún er enn ósnortin er mosinn hraungambri ríkjandi en algengar háplöntutegundir eru þursaskegg, ljónslappi, hvítmaðra, hálíngresi, kornsúra, lógresi, jakobsfífill, túnvingull, grávíðir, blóðberg, grasvíðir, geldingahnappur og hundasúra. Grjót er víða þakið hrúðurfléttum og algengar eru fléttur af ættkvíslunum *Stereocaulon* og *Cetraria*. Handan við Djúpa að núverandi vegi er stórgrýtt áreyri með svipaðri tegundasamsetningu.

3.2 Veglína B (rauð)

Mælistikur **0–2000** fylgja núverandi vegi. Eftir það beygir fyrirhugaður vegur til hægri. Milli stika **2000** og **2700** er flatt algróið þurrlandi. Mosar af ættkvíslinni *Racomitrium* þekja svæðið meira og minna. Af háplöntum eru þursaskegg og grös, t.d. túnvingull og hálíngresi, áberandi ásamt gulmöðru, hvítmöðru og stinnastör. Víðir og hrossanál eru hér og þar. Milli **2700** og **2900** er graslendi ríkjandi í mosanum, en miklu minna af þursaskeggi en áður. Rétt við vegarstæðið er falleg tjörn og allvel gróið umhverfis hana. Við mælistiku **2900** að **3200** verður gróðurinn gisnari. Landið er opnara og víða sér í ármöl. Þarna eru hvítar skellur af fléttum sem tilheyra ættkvíslinni *Stereocaulon* ásamt *Cladonia* áberandi. Sumstaðar eru grávíðir og grasvíðir á blettum. Á milli mælistika **3200** og **3500** er mosapekjan gisnari en áður

60–80% þekja. Þursaskegg og grös eru enn áberandi ásamt kornsúru, vallhæru, lambagrasi, hvítmöðru, grávíði, grasvíði, krækilyngi og ljónslappa. Fléttur af ættkvíslunum *Cladonia*, *Cetraria* og *Thamnolia* setja þar svip á gróðurinn.

Þá sveigir veglína örlítið til norðurs á ógróinni áreyri á móts við mælistiku **3400** þar sem Brúará og Laxá sameinast. Austan við þær eru áreyrar og við stiku **3840** er vestari farvegur Djúpár. Síðan taka við áreyrar ásamt kvíslum. Á milli **4600** og **4700** er eystri aðaláll Djúpár. Austan við álinn eru litlar kvíslar og eyrar allt að mælistiku **4850**. Þar er gisinn gróður, háplöntur á stangli og mosateygingar. Af áberandi tegundum sem þarna vaxa annaðhvort stakar á melum, í hrauninu eða í mosapembunni má nefna þursaskegg, grasvíði, blóðberg, ljónslappa, týtulíngresi, hvítmöðru, undafla, gullmuru, móasef, mosalyng, mosajafna, krækilyng, grávíði, beitieski, axhæru og skriðlíngresi. Fléttur af ættkvíslunum *Cladonia*, *Stereocaulon* og *Cetraria* sjást víða. Gróður á öllu þessu svæði er í heild fremur gisinn.

3.3 Veglína C (græn)

Þessi veglína er í sama vegarstæðið og veglína B (rauð) milli mælistika **1900** og **3400** og er vísað í lýsingu á þeirri leið hér fyrir framan (kafla 3.2). Þá tekur við ógróin áreyri móts við mælistiku **3500** þar sem Brúará og Laxá sameinast aðeins ofar. Austan við þær eru áreyrar og við stiku **3800** er vestari farvegur Djúpár, en síðan taka við áreyrar ásamt kvíslum. Á milli **4300** og **4400** er eystri aðaláll árinna. Austan við álinn eru litlar kvíslar og eyrar allt að mælistiku **4550**. Þar er mjög gisinn gróður, háplöntur á stangli og mosateygingar allt að mælistiku **5100**. Gamall farvegur Djúpár liggur þar og nær yfir að mælistiku **5250**. Í honum er gisinn mosapemba með um það bil 20% þekju. Móasef er alláberandi ásamt lambagrasi, túnvingli, kattartungu og fléttum af ættkvíslinni *Stereocaulon*. Svipaður gróður er allt að stiku **5800**. Eftir það er mosapemban mun þéttari með allt að 60–80% þekju. Þursaskegg og holtasóley finnast hér og þar ásamt áður nefndum tegundum. Þarna skiptast á hraunnibbur, sumar sandorpnar, og melar í landslaginu. Áætlað vegarstæði tengist núverandi vegi við mælistiku **6500**.

3.4 Veglína D (blá)

Veglína D liggur út af hringvegi rétt austan við Brunná. Fyrstu 2000 metrana er línan teiknuð nálægt gömlum vegslóðum. Milli mælistika **100** og **1100** er áætlað að vegurinn liggji um flatneskju þar sem hraundrýli setja sterkan svip á landslagið. Þarna er mosapemba algengust og þekur hraungambri um 90% af gróna landinu. Í mosapembunni vaxa fjölmargar tegundir háplantna t.d. þursaskegg, stinnastör, túnvingull, blóðberg, músareyra, týtulíngresi, hvítmaðra, lógresi, sýki gras, grasvíðir, móasef, gulmaðra, ljónslappi, beitylyng, blávingull, vallhæra, axhæra, brjóstagrass og krækilyng.

Við stiku **1100** er komið að tærum lindarlæk og þar fylgir veglína gamla vegslóðanum allt að mælistiku **1400**. Þarna er vel gróið land og með lækjarbökkunum er víða rakiendi þar sem vaxa deiglendisjurtir. Við **1450** liggur veglína yfir lækinn og heldur síðan áfram á grónu landi á lækjarbakkanum, í læknum eða þverar hann allt að mælistiku **1800**. Mest áberandi gróðurlendi er þurrlendi með þursaskeggsmó en rakir blettir eru hér og þar. Á milli **1800** og **1900** eru vegamót sem farið er yfir og síðan

tekur við gamalt tún á bilinu 1900–2100. Þar vaxa algeng grös t.d. túnvingull, hálingresi, háliðagras, títulíngresi, vallarsveifgras og blávingull.

Milli stika 2100 og 2340 er harðbali með þursaskeggi og grösum, en votlendisblettir eru hér og þar. Síðan tekur við gamalt tún í órækt, allt að mælistiku 2460. Austan við túnið er graslendi með þursaskeggi sem nær að mælistiku 2800. Á þessum slóðum eru víða rofabörð.

Nálægt stiku 2800 lækkar landið nokkuð og við taka áreyrar allt að varnargarði (3500) sem lagður hefur verið til að hefta framrás Djúpár til vesturs. Áreyrarnar eru augljóslega að gróa upp í skjóli varnargarðsins. Mosinn melagambri nær víða 40-60% þekju á eyrunum. Innan um mosann vaxa fjöldamargar háplöntutegundir. Má þar nefna blóðberg, túnvingul, skriðlíngresi, hundasúru, vallhæru, axhæru, móasef, vegarfa, blásveifgras, kornsúru, vetrarblóm, ljónslappa, stinnastör og helluhnoðra. Í lægðum er blautara og þar ríkja hrossanál og fjallapuntur ásamt mýrastör, hnúskakrækli, gullbrá og hrafnaklukku. Áberandi er hversu sjálfræðslan á þessu svæði er mikil og gróðurinn í mikilli framför.

Djúpá tekur við og á sér farveg allt að mælistiku 3950. Austan hans er hálfgróið hraun þar sem skiptast á hraunnibbur og strýtur, en á milli er tiltölulega slétt land með grófum sandi eða mól. Gróður er fremur strjáll, háplöntur á stangli og mosateygingar. Við stiku 4400 verður hraunið úfnara og stórkarlalegra en gróðurfarið svipað og áður hefur verið lýst á veglínu C, allt að mælistiku 5450. Þar er uppgrætt land á stuttum kafla að mælistiku 5600. Svo heldur hraunið áfram, en á milli eru melar og grasblettir. Gróðurþekjan er gisin, í mesta lagi 30-40%, og stundum minni. Á þessum slóðum vex mikið af fléttum á grjóti og *Stereocaulon* er áberandi þar sem grófur sandur eða mól myndar undirlag. Áberandi tegundir eru lambagras, blóðberg, kornsúra, túnvingull, móasef, ljónslappi og þursaskegg. Áætlað vegarstæði tengist núverandi vegi við stiku 6700.

3.5 Háplöntuflóra

Háplöntur voru skráðar á vettvangi á þar til gerð eyðublöð. Alls fundust 68 tegundir auk ættkvíslar undanfífla. Talið er að á Íslandi vaxi 458 tegundir að meðtöldum 20 tegundum undanfífla (Hörður Kristinsson 1986, Bergþór Jóhannsson 1989). Á rannsóknasvæðinu er því að finna um 15% íslensku flórunnar. Í 1. viðauka er listi yfir þær tegundir háplantna sem voru skráðar eða safnað á svæðinu. Allar háplöntutegundir sem fundust á svæðinu eru algengar á landsvísu.

4 FUGLAR

Dvalið var á athugunarsvæðinu 13. og 14. október 1998. Gengið og ekið var með þeim veglínunum sem koma til greina til að athuga hverskonar búsvæði fyrir fugla eru þarna og til að skrá fugla. Rætt var við Hannes Jónsson bónda á Hvoli til þess að afla upplýsinga um fuglalíf á svæðinu. Einnig var talað við Valdimar Einarsson, sem á sumarbústað í nágrenni við Marfubakka í Fljótshverfi. Í fórum Náttúrfræðistofnunar voru engin gögn til um fuglalíf svæðisins.

Á athugunarsvæðinu í Fljótshverfi voru skráðar 8 fuglategundir (1. tafla). Tveir hópar snjótittlinga sáust við fæðuöflun, annar (30 fuglar) í Rauðabergshrauni við veglínu D á móts við mælistiku **5300**, en hinn (25 fuglar) við Laxá þar sem veglína B og C tengjast saman. Nokkrir hrafnar sáust á flugi en samkvæmt upplýsingum Hannesar Jónssonar bónda á Hvoli verpa þrjú til fimm hrafnspör í nágrenninu. Steindepill sást við tún í nágrenni við Rauðaberg og einn skógarþróstur á flugi við sumarhús í nágrenni við Maríubakka.

1. tafla. Fuglar á athugunarsvæði í Fljótshverfi í október 1998

Tegund	
Álft	x
Grágæs	x
Stokkönd	x
Rauðhöfðaönd	x
Steindepill	x
Skógarþróstur	x
Hrafn	x
Snjótittlingur	x
Samtals	8

Á tjörnum sem eru við Vallabæjarveg var álftapar með einn unga, fjórar rauðhöfðaendur og nfu stokkendur. Að vetrarlagi gætu verið endur á kaldavermslum í Fljótshverfi.

Einungis ein grágæs sást á flugi í nágrenni við Maríubakka. Gæsir virðast hafa yfirgefið svæðið áður en talið var, enda hafði verið norðanátt og góður byr til farflugs dagana áður.

Við Djúpa og í Rauðabergshrauni er lítið sílamáfsvarp, um það bil 10–25 pör. Einnig verpur eitthvað af kríu við Djúpa. Samkvæmt heimildarmönnum eru mófuglar algengir á svæðinu, sem dæmi má nefna heiðlóu og spóa. Gera má ráð fyrir því að töluvert af snjótittlingi og steindepli verpi í hraunum og að þar sé einnig eitthvað um rjúpu.

Helsingjar sækja í talsverðum mæli í ræktað land í Fljótshverfi á haustin en þar er einn af viðkomustöðum þeirra á leið þeirra frá varpstöðvum á Grænlandi til vetrarstöðva á Bretlandi. Að sögn Hannesar Jónssonar voru fyrir um haustið um 1500 helsingjar í túnnum við Hvol en lítið var um helsingja í nánd við veglínur þær sem koma til greina. Valdimar Einarsson sagði helsingja í þúsundatali náttu sig á aurum Djúpár en það er töluvert sunnan við athugunarsvæðið.

5 NIÐURSTÖÐUR

Gróðurfar á athugunarsvæðinu er yfirleitt fremur fábreytt. Gróðurlendi eru tiltölulega fá og einsleit eftir því sem séð verður án þess að hafa tiltækt gróðurkort af svæðinu. Engar háplöntutegundir fundust sem teljast sjaldgæfar á landsvísu. Hins vegar ber að hafa í huga að plöntuskoðunin fór fram eftir miðjan september, þannig að líklegt er að

nokkrar tegundir vanti á listann. Líkurnar á að finna afar sjaldgæfa tegund teljast þó litlar.

Samtals sáust 8 fuglategundir á svæðinu haustið 1998. Ofangreindar athuganir á fuglum geta ekki talist fullnægjandi fyrir fuglalífið, þ.e. varpfuglafánuna, á framkvæmdasvæðinu.

Áætluð veglagning í Fljótshverfi er nokkuð umfangsmikil og hinar mismunandi útfærslur hafa misjöfn áhrif á svæðið, þar með talið landslag, gróðurfar og fuglalíf.

Verðmætasti hluti rannsóknasvæðisins að mati Náttúrufræðistofnunar er svæðið milli veglína C og D þar sem lækirnir og tjarnirnar eru. Því svæði ætti eindregið að hlífa.

Veglína A er stysta leiðin, einungis um 3 km og liggur hluti leiðarinnar eftir núverandi vegi. Hinn hluti vegarins fer um svæði sem nú þegar er að mestu leyti mótað af búsetu og framkvæmdum. Leið A kemur því til með að hafa minnsta röskun í för með sér og er því heppilegust með tilliti til gróðurs og fuglalífs.

Veglína B er um 4,5 km að lengd. Fyrstu 1500 metrnir eru þeir sömu og veglína C. Vegurinn kemur til með að liggja um svæði sem lítið hefur verið raskað af mönnum til þessa. Gróðurinn á svæðinu er hins vegar einsleitur og víða rýr. Á veglínu B er lagt til að færa áætlaðan veg milli mælistika **2500** og **3000** nokkru norðar, þannig að vegurinn liggji fjær votlendi og lítilli tjörn sem þarna er svo gróður og fuglalíf í nágrenni hennar skerðist ekki.

Veglína C. Sama er að segja um þessa veglínu og veglínu B. Vestasti hlutinn er sá sami og gildir þar hið sama og sagt var áður um votlendið milli mælistika **2500** og **3000**. Um aðra hluta leiðarinnar eru engar athugasemdir hvað gróðurfar og fuglalíf varðar.

Veglína D. Þetta er lengsta leiðin, eða um 6,5 km, og fer hún jafnframt yfir fjölbreytt og óraskað land. Á þessari leið verður miklu meira rask á óspilltu landi og gróðri en ef veglínur A, B eða C verða valdar.

Vestast liggur veglína D í gegnum vel gróið hraun. Á milli mælistika **1100** og **1800** liggur hún að mestu í lækjarfarvegi, eða á lækjarbökkunum, sem er hluti votlendissvæðis nokkru norðar. Vegur um þennan hluta leiðar D mun valda mestri röskun á gróðri og búsvæðum fugla, einkum fugla sem nýta votlendið og lækina. Mælt er gegn því að vegurinn verði lagður um þetta svæði. Lagt er til að færa hann nokkuð suður fyrir núverandi vegslóða og gæta þess að allt ofangreint vatnakerfi verði vel norðan við veginn.

Engar athugasemdir eru gerðar við vegarstæðið austan við gömlu túnin á bilinu **1900–2100**. Þó er vert að benda á að líklega eru menningarmínjar á þessu svæði, þ.e. gömul rafstöð og upphlaðinn skurður sem liggur að stöðvarhúsinu. Vegarstæðið liggur yfir skurðinn við stiku **2250**. Sunnan við rafstöðina er votlendi sem ber að hlífa.

Ekki eru gerðar neinar athugasemdir við veglínuna milli stika **2250** og **2800** en þó skal bent á að gróður þar er fremur viðkvæmur og þarf því að fara varlega með tæki um

svæðið verði af veglagningu. Síðan taka við áreyrar austur að Djúpá (2800–3500). Þeim hefur þegar verið raskað við gerð varnargarða við Djúpá.

Austan við Djúpá liggur veglínan (mælistikur 3900–6700) að mestu leyti um hraun. Ljóst er að verulegt rask mun fylgja vegagerð yfir hið úfna Rauðabergshraun. Skiptir miklu að vegurinn verði lagður þannig að hraunmyndanir næst veginum haldist óskertar. Segja má að fara þurfi mildum höndum um hið hrjúfa hraun við veglagninguna.

Efnistaka. Þegar athuganir fóru fram lá ekki ljóst fyrir hvar taka ætti efni í veginn. Greinilega þarf mikið efni til að byggja hann upp, sérstaklega ef leið D verður valin, og er brýnt að fara með gát við efnistöku. Lagt er til að efni verði að mestu ekið inn á svæðið á þeim stöðum sem veglínan liggur í graslendi, við votlendi og í hrauni. Víða um land hefur hraunum verið spillt þegar efni í undirlag hefur verið rutt í nágrenni vegarstæða. Að mati Náttúrufræðistofnunar ber að forðast slíkt.

Uppgræðsla í vegköntum. Við uppgræðslu vegkanta er mælt með því að nota aðferðir sem stuðla að því að gróður í vegköntum verði sem líkastur gróðrinum í nágrenninu (grenndargróðri).

Frekari rannsóknir. Náttúrufræðistofnun telur ekki nauðsynlegt að athuga gróðurfar og fuglalíf á veglínunum A, B og C nánar. Ástæðan er sú að þarna eru gróðurlendi og búsvæði fugla tiltölulega einsleit. Ekki er sjáanlegt að neinu sjaldgæfu gróðurlendi verði útrýmt og þeir fuglar sem kunna að eiga sé hreiðurstað á veglínunni og nágrenni hafa nægilegt rými til að flytja sig um set.

Ef veglína D verður valin telur Náttúrufræðistofnun hins vegar nauðsynlegt að skoða fuglalíf á þeirri leið á varptíma, einkum á svæðinu vestan Djúpár. Ef kortleggja á varpfugla af nákvæmni þarf til þess tvær heimsóknir, þá fyrri í síðari hluta maí og hina síðari um miðjan júní. Bent er á að e.t.v. þurfi að láta gera úttekt vegna jarðfræðiminna.

6 RITASKRÁ

Bergþór Jóhannsson 1989. Íslenskir undafíflar I–III. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 10. 502 bls.

Hörður Kristinsson 1986. Plöntuhandbókin. Blómplöntur og byrkningar. Íslensk náttúra II. Örn og Örlygur. Reykjavík. 306 bls.

1. viðauki

Flóra við Brúará, Laxá og Djúpa í Fljótshverfi

Íslensk heiti	Latnesk heiti
Hálfíngresi	<i>Agrostis capillaris</i>
Skriðlíngresi	<i>Agrostis stolonifera</i>
Týtulíngresi	<i>Agrostis vinealis</i>
Ljónslappi	<i>Alchemilla alpina</i>
Maríustakkur	<i>Alchemilla vulgaris</i>
Háliðagras	<i>Alopecurus pratensis</i>
Ílmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>
Geldingahnappur	<i>Armeria maritima</i>
Smjörgras	<i>Bartsia alpina</i>
Birki	<i>Betula pubescens</i>
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>
Hálmgresi	<i>Calamagrostis stricta</i>
Vorbrúða	<i>Callitriche palustris</i>
Beitilyng	<i>Calluna vulgaris</i>
Hrafnaklukka	<i>Cardamine nymani</i>
Melablóm	<i>Cardaminopsis petraea</i>
Stinnastör	<i>Carex bigelowii</i>
Mýrastör	<i>Carex nigra</i>
Mosalyng	<i>Cassiope hypnoides</i>
Músareyra	<i>Cerastium alpinum</i>
Vegarfi	<i>Cerastium fontanum</i>
Snarrótarpuntur	<i>Deschampsia caespitosa</i>
Holtasóley	<i>Dryas octopetala</i>
Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>
Mýradúnurt	<i>Epilobium palustre</i>
Klóelfting	<i>Equisetum arvense</i>
Beitieski	<i>Equisetum variegatum</i>
Jakobsffill	<i>Erigeron borealis</i>
Klóíffa	<i>Eriophorum angustifolium</i>
Augnfró	<i>Euphrasia frigida</i>
Túnvingull	<i>Festuca richardsonii</i>
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i>
Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>
Gulmaðra	<i>Galium verum</i>
Undaflflar	<i>Hieracium</i> spp.
Mýrasef	<i>Juncus alpinus</i>
Hrossanál	<i>Juncus arcticus</i>
Lindasef	<i>Juncus ranarius</i>
Móasef	<i>Juncus trifidus</i>
Þursaskegg	<i>Kobresia myosuroides</i>
Baunagras	<i>Lathyrus japonicus</i> ssp. <i>maritimus</i>
Melgresi	<i>Leymus arenarius</i>
Vallhæra	<i>Luzula multiflora</i>
Axhæra	<i>Luzula spicata</i>
Melanóra	<i>Minuartia rubella</i>
Lyfjagras	<i>Pinguicula vulgaris</i>
Kattartunga	<i>Plantago maritima</i>
Friggjargras	<i>Platanthera hyperborea</i>
Blásveifgras	<i>Poa glauca</i>
Vallarsveifgras	<i>Poa pratensis</i>
Tágamura	<i>Potentilla anserina</i>
Gullmura	<i>Potentilla crantzii</i>
Hundasúra	<i>Rumex acetosella</i>

frh.


1. viðauki frh.

Flóra við Brúará, Laxá og Djúpa í Fljótshverfi

Hnúskakrækill	<i>Sagina nodosa</i>
Grávíðir	<i>Salix callicarpaea</i>
Grasvíðir	<i>Salix herbacea</i>
Loðvíðir	<i>Salix lanata</i>
Gulvíðir	<i>Salix phylicifolia</i>
Þúfusteinbrjótur	<i>Saxifraga caespitosa</i>
Gullbrá	<i>Saxifraga hirculus</i>
Vetrarblóm	<i>Saxifraga oppositifolia</i>
Mosajafni	<i>Selaginella selaginoides</i>
Lambagras	<i>Silene acaulis</i>
Holurt	<i>Silene uniflora</i>
Blóðberg	<i>Thymus praecox</i>
Sýki gras	<i>Tofieldia pusilla</i>
Hvítsmári	<i>Trifolium repens</i>
Lógresi	<i>Trisetum spicatum</i>
Bláberjalýng	<i>Vaccinium uliginosum</i>

Fjöldi tegunda: 68 (auk ættkvíslar undanfífla)

Tegundunum er raðað í stafrófsröð íslenskra heita. Með íslenskar og latneskar nafngiftir er farið eftir Plöntuhandbókinni (Hörður Kristinsson 1986).



1. mynd.
Hugsanlegar veglínur við Brúará, Laxá og Djúpa í Fljótshverfi.

Landmælingar: Vegagerðin
 Hnitakerfi: ÍSNET93 Hæðakerfi: Landshæðarnet
 Myndmæling: Isgraf ehf. 1997, eftir loftmyndum frá ágúst 1997.
 Flughæð 1800 m. Mískvastærð 10x10 m.
 Kartagerð: Vegagerðin, sept. 98. Þ.V.H.

			VEGAGERÐIN		HRINGVEGUR	
			MÉLKV		Um Djúpa	
			1:20000		201-02	
			Telkn.		Yfirlitsmynd	
			Yfirf.		1/1	
			Samþ.			
Dags.	Breyting	Breytt af				

Vörðubrú: A3-2000-DOR